

Ed. **113. Frumvarp til laga** [101. mál]
um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW. afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2 200 millj. króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsg. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.

Setja skal Andakílsárvirkjun reglugerð, sem stjórn virkjunarinnar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m.a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undirbúningur að virkjun Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði var fyrst gerður á árunum 1963 og 1964. Virkjunarmat, sem þá var gefið út, var unnið af þeim Rögvaldi Þorlákssyni verkfræðingi og Ásgeir Sæmundssyni tæknifræðingi. Umræddar virkjunarrannsóknir, svo og allar þær rannsóknir, sem síðan hafa átt sér stað varðandi virkjunina, hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað.

Virkjunarmat það, sem út var gefið í aprílmánuði 1964, bar það með sér, að virkjun Hvítár við Kljáfoss væri hagstæð virkjun, borið saman við aðra valkosti og með tilliti til þess öryggis sem orkuverið mundi veita Vesturlandi.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að vatnsaflsstöðin verði með allt að 13.5 MW. afli, og er sú stærð ákveðin með tilliti til þess, að þá fer minna landssvæði undir vatn vegna stíflugerðar en ella, ef orkuverið væri miðað við allt að 15 MW. eins og möguleikar eru fyrir hendi með aukinni stíflugerð.

Einn af aðalkostum Hvítár til orkuframleiðslu er talinn vera sá, hvað vatnsstreymið í ánni er jafnt. Eftir 24 ára rannsókn og vatnsmælingar er orkuvinnslugetan talin vera 88 GWst. í meðalári. Lægsta framrennsli á þessu tímabili var árið 1963 og hefði orkuvinnslan það ár verið um 72 GWst. mælt við stöðvarvegg. Forgangsorka er talin vera 75 GWst.

Nýtt virkjunarmat hefur nú verið gert um þessa virkjun og er virkjunarkostnaður nú áætlaður 1 722 millj. króna. Er þá byggt á virkjunarmati frá því í marsmánuði 1975, umreiknað í verðlag gengisskráningar, eins og það var í októbermánuði 1976. Er þar ekki meðtalinn kostnaður við tengingu orkuversins við orkuflutningakerfið í Borgarfirði, ekki greiðslur fyrir land og vatnsréttindi og vexti á bygg-ingartíma. Að þessu meðtöldu verður stofnkostnaður virkjunarinnar alls talinn 2 172 millj. króna miðað við núverandi verðlag.

Með tilliti til þessa verður kostnaðarverð forgangsorkunnar, miðað við að orkuverðið verði greitt niður á 40 árum með jöfnum greiðslum og 8% vöxtum, ásamt 0.75% stofnkostnaðar í rekstri, kr. 2.65 á KWst.

Svo sem kunnugt er hefur nú átt sér stað samtenging með raflinum um allt svæðið á Vesturlandi, frá Hvalfirði til Gilsfjarðar. Á þessu svæði eru nú á milli 14 og 15 þús. manns.

Heildarorkuöflunin fyrir þetta svæði var á árinu 1974 80.5 GWst., en á árinu 1976 var orkuöflunin 92.4 GWst. Aukning á milli ára hefur því verið um 14.78%. Afl vatnsorkuvera á Vesturlandi var í árslok 1974 sem hér segir:

Andakilsárvirkjun	7 920 KW.
Rjúkandavirkjun	950 KW.

Til viðbótar þessu átti orkuöflunin sér stað með dísilorkuframleiðslu á ýmsum stöðum á svæðinu, samtals 3 895 KW. Til viðbótar var svo keypt raforka frá Landsvirkjun.

Þrátt fyrir þær athuganir og áætlanir, sem nú eiga sér stað á Vesturlandi um hagnýtingu jarðvarma til húshatunar, má fullvíst telja að um verulega aukna eftirspurn á raforku verði að ræða í framtíðinni, svo sem verið hefur hingað til. Talar þar skýru máli aukningin á milli árana 1974 og 1975, 14.78%.

Nú þegar Sigölduvirkjun er að ljúka er það álit margra, að virkjun Hvítár í Borgarfirði, þó ekki verði talin stórvirkjun, sé heppilegur áfangi á milli annarra stærri framkvæmda, sem við taka í framtíðinni, svo sem Hrauneyjarfossvirkjunar, Blönduvirkjunar eða annarra slíkra stórvirkjana, sem sennilega verða þá tengdar einhverri stóriðju, sem nú liggur ekki fyrir. Þá ber einnig að hafa í huga, að slík orkuver sem hér um ræðir, eru þýðingarmikill þáttur í heildarkerfinu og skapa nauðsynlegt öryggi fyrir hin einstöku byggðarlög.

Svo sem kunnugt er, þá eru eigendur Andakilsárvirkjunar Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Er þetta frumvarp flutt að beiðni stjórnar Andakilsárvirkjunar og fyrrnefndra eignaraðila. Þess skal og getið, að fyrir hendi er algjör samstaða eigenda Andakilsárvirkjunar um að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kljáfoss verði aukin þannig, að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, ásamt Dalasýslu, verði meðeigendur orkuversins og þannig stefnt að því, að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita.

Þá er þess að geta, að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og fleiri aðilar, sem mál þetta snertir, hafa rætt málið á fundum sínum og gert einróma samþykktir um að skora á Alþingi og ríkisstjórn að greiða fyrir því að Kljáfoss verði virkjaður og enn fremur áskorun til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að þeir myndi sameign um orkuverðið.

Stjórn Andakilsárvirkjunar og bændur, sem land eiga að Hvítá, þar sem landspjöll verða vegna fyrirhugaðrar virkjunar, hafa átt með sér fund, þar sem rætt var um bætur fyrir umrædd landsvæði. Á þeim fundi var algjör samstaða um málið og samkomulag um málsmeðferð, ef til þess kemur að ekki náist samkomulag milli aðila án matsákvörðunar. Fylgir fundargerð þess fundar hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.

Sameiginlegur fundur landeigenda við Hvítá ofan Kljáfoss og framkvæmdastjórnar Andakilsárvirkjunar, haldinn í Borgarnesi 21. febrúar 1975, samþykkir að halda áfram undirbúningi að virkjun Kljáfoss í Hvítá. Í því efni taka báðir aðilar fram, að þeir telja eðlilegt að komið verði á laggirnar 6 manna nefnd, þannig að landeigendur tilnefni úr sínum hópi 3 fulltrúa og virkjunarstjórnin einnig 3 fulltrúa,

sem sameiginlega leitast við að ná samkomulagi um greiðslu fyrir vatnsréttindi og bætur vegna landspjalla.

Náist samkomulag ekki eftir þeirri leið fallast aðilar á, að skipuð skuli sérstök matsnefnd 3ja manna, sem þannig verði valin: 1 fulltrúi tilnefndur af landeigendum, annar af virkjunarstjórn og sá þriðji af Hæstarétti Íslands.

Náist samkomulag milli aðila verði helmingi matskostnaðar bætt við bætur til landeigenda. Aðilar eru sammála um að hraða samkomulagsumleitunum eftir mætti.

Virkjunarstjórnin greiðir sérfræðilegan kostnað sem leiðir af samningsgerðinni.

Borgarnesi, 21. febr. 1975.

Daniel Brandsson.	Jón Þórisson.	Magnús Bjarnason.
Þorv. Hjálmarsson.	Ketill Jónmundsson.	Marínó Jakobsson.
Snæbjörn Stefánsson.	Þórður Stefánsson.	Bjarni Þorsteinsson.
Magnús Guðmundsson.	Ásgeir Pétursson.	Ingimundur Ásgeirsson.
	Óskar Eggertsson.	

Fylgiskjal II.

Kostnaðaráætlun, endurskoðuð í október 1976.

Eftirfarandi kostnaðartölur eru byggðar á áætlun sem gerð var í marsmánuði 1975, umreiknað eftir verðbreytingum sem síðan hafa átt sér stað og miðað við skráð gengi ísl. krónunnar í október 1976.

Greiðsla fyrir vatnsréttindi og landspjöll er ekki meðtalin.

Byggingarmannvirki:		
Jarðstífla	150 m.kr.	
Flóðgáttir	210 —	
Stöðvarhús	205 —	
Fisklyfta	10 —	
Íbúð stöðvarvarðar	15 —	
Vegir og ræktun	10 —	
	600 m.kr.	
Ófyrirséð	90 —	1 690 m.kr.
Vélar og rafbúnaður:		
Túrbína með hjálparkjum	270 m.kr.	
Rafali og rafbúnaður	300 —	
Stöðvarhússkrani, lokur, ristar	45 —	
Flóðgáttalokur	110 —	
	725 m.kr.	
Ófyrirséð	40 —	765 m.kr.
Uppsetning á vélum og lokum		75 m.kr.
Innréttingar á vinnustað	35 —	
	110 m.kr.	
Ófyrirséð	15 —	125 m.kr.
Undirbúningur og umsjón, 9% af 1580		142 —
Heildarkostnaður		1 722 m.kr.

Fylgiskjal III.

Andakilsárríkjurn

Vesturlandskerfi orkuvei og orkuslutningskerfi
afl og orkupörf



